

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B · 101 REYKJAVÍK · SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 2. apríl 1998

Ágætu félagar.

Það hefur verið árviss viðburður hjá félaginu að horfa saman á upptökur af **Parsifal** á föstudaginn langa. Svo verður einnig í ár. Við verðum eins og áður í **Safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Lækjargötu 14a**, 3. hæð. (Gengið inn frá Vonarstræti). Sýningin hefst kl. 13.00. Þar sem engin verður dyravarslan og ekki hægt að láta húsið standa ólæst er fólk beðið um að mæta stundvíslega.

Að þessu sinni verður sýnd af laserdisk upptaka frá Wagnerhátíðinni í Bayreuth. Hljómsveitarstjóri er Horst Stein, en leikstjóri og leikmyndahönnuður Wolfgang Wagner. Í helstu hlutverkum eru Siegfried Jerusalem, Eva Randova, Bernd Weigl, Hans Sotin, Leif Roar, og Matti Salminen.

Inngangsorð að sýningunni flytur Atli Heimir Sveinsson tónskáld. Aðgangur er ókeypis, en kaffiveitingar verða seldar á kr. 350.

Parsifal var frumsýndur í Bayreuth 26. júlí 1882 og er eina ópera Wagners sem skrifuð var sérstaklega fyrir Festspielhaus eftir að það var byggt og jafnframt síðasta stórvirki tónskáldsins. Wagner kallaði Parsifal ekki óperu heldur *Bühnenweihfestspiel*, sem útleggja má sem *hátíðaleik til vígslu leikhúss*. Það var upphaflega ásetningur hans að verkið yrði eingöngu flutt í eitt skipti og aðeins fyrir útvalda áheyrendur, en hugmyndir hans þróuðust á þann veg að Parsifal skyldi endurfluttur á þriggja ára fresti og eingöngu í Bayreuth.

Bann Wagners við að flytja Parsifal utan Bayreuth var fljótt virt að vettugi. Metropolitan óperan í New York reið á vaðið með sýningu verksins árið 1903 og var frumsýningin á sjálfan aðfangadag og vakti það mikla reiði Cosimu Wagner. Upp frá þessu var farið að sýna Parsifal víðar og varð það m. a. venja margra þýskra óperuhúsa að sýna hann árlega á föstudaginn langa.

Með bréfinu fylgir giróseðill til greiðslu félagsgjalda, sem félagar eru vinsamlegast beðnir að greiða fyrir 15. apríl.

Með kærri kveðju og ósk um gleðilega páska,

f.h. stjórnar Richard Wagner félagsins,

  
Selma Guðmundsdóttir formaður